

MIGRATORY CORROSION INHIBITOR (MCI®) PRODUCTS FOR CONCRETE



MCI®-2023 STEINLÍM



VÖRULÝSING

MCI-2023 er tvíþætt efni með MCI-tæringarvörn sem myndar sementlausn til að verja styrktarstál og málma. Grugglausnin loðir vel við undirlagið, endist lengi og hefur mikið svörfunarpól, kemur í veg fyrir tæringu og myndar áhrifaríka varnarhimnu sem hrindir frá vatni og vatnsuppleystu salti. MCI-2023 duftformúlan byggist á vökvabindiefnum og gegnflæðisefnum sem öll veita mikla vörn gegn tæringu. Vökvinn sem blandast saman við duftið í þessu tvíþætta kerfi samanstendur af vatnsleysanlegri vökvablöndu úr lífrænum fjölliðum.

HVAR SKAL NOTA VÖRUNA

Mælt er með MCI-2023 til að verja stálstyrktarbita áður en steypan er bætt með MCI eða öðrum steypuviðgerðarefnum. Efnið er sérstaklega gagnlegt þar sem steypan þekur styrktarstálið illa sem verður til þess að steypan verður berskjölduð fyrir salti og kolsýrumettun.

KOSTIR

- Gerir verkfræðingum, eigendum, verktökum og opinberum stofnunum kleift að verja eigur sínar fyrir tæringu og lengja þannig líftíma allra mannvirkja úr járnbentri steypu.
- Auðvelt og fljótlegt að bera á með pensli.
- Góð viðlögun við undirlagið og frábær ending.
- Verndar stálstyrktarbitana fyrir tæringarhvötum.
- Getur dreift sér um steypu og leitað að stálstyrktarbitum og öðrum málum í steypunni.
- Þegar MCI-2023 hefur verkast hrindir efnið frá vatni og myndar áhrifaríka vörn gegn vatnsleysanlegum söltum.

ÞEKJA

Um það bil 205 kg/m² á meðhöndlað svæði. Þegar lag sem er þykkara en 0,8-1,6 mm er borið á eykst efnisþörfin en það hefur engin neikvæð áhrif svo lengi sem síðari umferðir eru farnar þegar yfirborðið er alveg þurr. Áætluð þekja á hvern 12 kg poka og 5 kg fötu er 5,6m² þegar þykktin er 1,6 mm eða 11,1 m² þegar þykktin er 0,8 mm.

UMBÚÐIR

12 kg poki af dufti og 5 kg fata af vökva. Eitt sett af dufti og vökva gefa um það bil 9,4 lítra.

UNDIRVINNA

Fjarlægja skal allt laust ryð með sandblæstri, vatnsprýstingi eða vírbursta.

NOTKUN

Efnið er borið á steypustyrktarjárn strax eftir blöndun (ekki síðar en 30 mínútum). Til að verja hreinsað styrktarstál eru farnar nokkrar umferðir (hver umferð um 1-2 mm að þykkt), rétt áður en MCI eða önnur steypuviðgerðarefni eru lögð. Ef nokkur tími líður frá því að vörnin er sett á flötinn og þar til múrblandan er borin í skal fara aðra umferð ofan á harðnað steinlímið áður en múrblandan er lögð. Yfirborðið þarf að vera hæfilega þurrt áður en steinlímið er borið á. Blanda skal hæfilegu magni af vökva og dufti til að fá stöðugleikann sem þörf er á. Pensillinn ætti að skilja eftir sig 0,8-1,6 mm þykka húð eftir hverja stroku. Blandað þar til yfirborðið er mjúkt og laust við bólur.

TAKMARKANIR OG GEYMSLA

- Vökvablöndufjöllidurnar verða að filmu við hitastig sem er hærra en 5-6°C. Við mælumst gegn notkun efnisins við kaldara hitastig.
- MCI-2023 vökvinn má ekki frjósa.
- Duftið skal geyma í upprunalegum umbúðum og ganga úr skugga um að þær séu ávallt vel lokaðar.

EIGINLEIKAR

Útlit
Ending

Blöndunarhlutfall

Binding við járn
Gufulektarstuðull
Geymsla

Steypugrátt eftir blöndun
Duft 6 mánuðir; vökvi 1 ár í
óopnuðum umbúðum
1 poki duft á móti einni fötu af
vökva
Tog: > 1450psi (10 Mpa)
 $\mu = 90$
Má ekki frjósa

NOTIST AÐEINS AF FAGMÖNNUM GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL UMBÚÐIR SKULU VERA TRYGGILEGA LOKAÐAR EKKI ÆTLAÐ TIL INNTÖKU NÁNARI UPPLÝSINGAR ERU Í ÖRYGGISGAGNABLAÐI MEÐ EFNINU

TAKMÖRKUÐ ÁBYRGÐARYFIRLÝSING

Allar yfirlýsingar, tæknilegar upplýsingar eða meðmæli í þessu skjali byggjast á þrófunum sem Cortec Corporation treystir, en getur þó ekki ábyrgt áreiðanleika þeirra.

Cortec Corporation ábyrgist að Cortec-vörur komi gallalausar í hendur viðskiptavinar. Skuldbinding Cortec Corporation samkvæmt þessari ábyrgðaryfirlýsingu skal takmarkast við að neytandi fái nýja vöru í stað gallaðrar. Til að öðlast réttindi til að fá nýja vöru samkvæmt þessari ábyrgð verður neytandi að tilkynna Cortec Corporation um meintan galla innan sex mánaða frá því að varan er send neytanda. Neytandi ber allan flutningskostnað af vörum sem skipt er út fyrir nýjar.

Cortec Corporation ber enga ábyrgð á meiðslum, tapi eða skaða sem tengja má notkun vörunnar eða þegar ekki er hægt að nota vöruna.

FYRIR NOTKUN SKAL NOTANDI ÁKVARÐA HVORT VARAN HÆFI TILÆTLUÐUM NOTUM OG NOTANDI TEKUR Á SIG ALLA ÁHÆTTU OG ÁBYRGÐ Í TENGSLUM VIÐ NOTKUN VÖRUNNAR. Engar upplýsingar eða leiðbeiningar sem ekki eru í þessu skjali hafa gildi eða áhrif nema slíkt komi fram í skjali sem ritað er og undirritað af fulltrúa Cortec Corporation.

UNDANFARANDI ÁBYRGÐARYFIRLÝSING ER EINGILD OG KEMUR Í STAÐ ALLRA ANNARRA ÁBYRGÐARYFIRLÝSINGA, SKÝLAUSRA, AFLEIDDRÁ EDA STJÓRNARSKRÁRBUNDINNA, AÐ MEÐTALINNI ÁN TAKMARKANA SÉRHVERRI ÁBYRGÐARYFIRLÝSINGU UM SÖLUHÆFI EDA UM HÆFNI Í TILTEKNUM TILGANGI. CORTEC CORPORATION BER ALDREI SKAÐABÓTASKYLDA VEGNA SKEMMDA SAMFARA NOTKUN EDA Í KJÖLFAR HENNAR.



4119 White Bear Parkway, St. Paul, MN 55110 USA
Phone (651) 429-1100, Fax (651) 429-1122
Toll Free (800) 4-CORTEC, E-mail info@cortecvci.com
Internet <http://www.CortecVpCI.com>

printed on recycled paper 10% post consumer

Revised 12/19/01. Cortec Corporation 2001. All rights reserved. Supersedes: 7/97.
MCI® is a trademark of Cortec Corporation.

Distributed by:



Certificate No.70781

Certificate No.81867